

Nd.

109. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

1. gr.

Á eftir b-lið 4. gr. laga nr. 46, 19. maí 1930, komi nýr liður svo hljóðandi:
c. Til lendingabóta og bryggjuga handa smábátaútgerðinni.

Greinargerð.

Lendingabætur og bryggjuga eru svo nauðsynlegir hlutir smábátaútgerðinni, að á mörgum stöðum, sem þó liggja vel við sjósókn, er ekki fært að stunda þessa atvinnu, ef engar umbætur fást. Eins og nú er komið, er erfitt eða jafnvel ómögulegt að fá lánsfé í þessu skyni. Eðlilegast virðist, að Fiskveiðasjóður hjálpi smábátaútgerðinni á þessu sviði. Hinsvegar er sjálfsagt að heimta það í hverju tilfalli, að auk þess sem sýslunefnd heimilar hreppi lántökuna, þá ábyrgist hún jafnframt lánið fyrir hönd sýslusjóðs.